

FORSETABRÉF**um almennar þingkosningar til Alþingis 1979.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Almennar kosningar til Alþingis skulu fara fram sunnudaginn 2. desember og mánudaginn 3. desember 1979.

Gjört að Bessastöðum, 15. október 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Benedikt Gröndal.

Nr. 83.

16. október 1979.

AUGLÝSING**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 16. október 1979.

Benedikt Gröndal.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 84.

16. október 1979.

BRÁÐABIRGÐALÖG**um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð oss að vegna þess, að þing hafi nú verið rofið án þess að kostur væri á að fjalla um bráðabirgðalög nr. 74 10. september 1979 um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald er hiðu staðfestingar Alþingis og falli því úr gildi við þingrofið beri brýna nauðsyn til að setja að nýju bráðabirgðalög sama efnis sem geti komið til staðfestingar á Alþingi þegar það kemur saman.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

1. og 2. málslíður 1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greiða til og með 31. desember 1980 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum: